



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

### FUNDUR - 18. maí 2004

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 45. fundar þriðjudaginn 18. maí 2004 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 13. maí.
2. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 3. maí.

Afgreiðslur: Forseti óskaði eftir því að upp verði tekinn liðurinn önnur mál í lok dagskrár og var það samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð 83. fundar bæjarráðs frá 13. maí kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 16 liðum. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 3. maí kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 3 liðum. Forseti bar fundargerðina upp, hún var samþykkt með 6 atkvæðum. Hjördís Blöndal óskaði eftir að bókað sé að hún situr hjá við afgreiðslu fundargerðarinnar.

Önnur mál.

- A. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 17. maí kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt samhljóða.
- B. Skipan fulltrúa samkvæmt 16. lið í fundargerð nr. 83 í bæjarráði. Þessir voru tilnefndir: Valgarður Hilmarsson frá H-lista, Ágúst Þór Bragason frá D-lista og Valdimar Guðmannsson frá Á-lista.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00.

Valgarður Hilmarsson  
Valdimar Guðmannsson  
Jóhanna G. Jónasdóttir  
Jóna Fanney Friðriksdóttir  
Sigurður Jóhannesson

Ragnar Ingi Tómasson  
Hjördís Blöndal  
Ágúst Þór Bragason  
Þórdís Hjálmarsdóttir